

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. apríl 2003 tillögu að deiliskipulagi á lóð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 24. febrúar 2003 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 24. janúar 2003 til og með 26. febrúar 2003 með athugasemdafresti til og með 12. mars 2003.

Uppdrættir og greinargerð fyrir tillögunu hlutu þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 16. febrúar 2005.*

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

## GJALDSKRÁ

### um gatnagerðargjald í Vestmannaeyjum.

#### 1. gr.

Af öllum lóðum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Vestmannaeyjum, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

#### 2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar í Vestmannaeyjum, og til þess að gera sveitarfélaginu kleift að bjóða byggingarhæfar leigulóðir í sveitarfélaginu. Undir gatnagerð fellur kostnaður við umferðarmannvirki með tilheyrandi lögnum fráveitu, ásamt götulýsingu, lagningu bundins slitlags, gangstéttum, umferðareyjum, gangstígum, opnum svæðum og leiksvæðum.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald er annars vegar vegna lóða sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi fyrir áður við gildistöku þessarar gjaldskrár, þ.e. nýjar lóðir, og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði á þegar byggðum lóðum við gildistöku gjaldskrárinnar, þ.e. eldri lóðir.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m<sup>3</sup> vísitöluhússins eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

- |   |      |
|---|------|
| a. Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu                               | 4,5% |
| b. Önnur íbúðarhús (par-/raðhús, tvíbýlishús, fjölbýlishús að 6 íbúðum) | 3,0% |
| c. Fjölbýlishús (6 íbúðir eða fleiri)                                   | 1,5% |
| d. Verslunar- og skrifstofubyggingar                                    | 3,0% |
| e. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði                     | 3,0% |